

# Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda



Aðalfundur

Ásbyrgi í Miðfirði 10. apríl 2014

Dagskrá aðalfundar 10. apríl 2014

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna (fundarstjóri, fundarritari, kjörbréfanefnd)
2. Ávarp formanns BHS
3. Erindi: Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, “Staða á kjötmarkaði og framtíðarhorfur”.
4. Umræður um erindi Ágústs
5. Erindi: Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands, “ESB, tollar o.fl.”
6. Umræður um erindi Ernu  
Matarhlé
7. Niðurstaða kjörbréfanefndar
8. Skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemi BHS 2013 og reikninga
9. Umræður um skýrslu og reikninga
10. Mál lögð fram til nefnda
11. Nefndarstörf og afgreiðsla mála  
Kaffihlé
12. Kosningar skv samþykktum BHS:  
Tveir úr V-Hún í stjórn BHS til þriggja ára og tveir til vara  
Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara
13. Önnur mál
14. Fundarslit

1. Formaður BHS Jón Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Gísli G. Magnússon stýrði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Hann tilnefndi í kjörbréfanefnd þá Örn Óla Andrésson og Ægi Sigurgeirsson. Engar athugasemdir komu fram við það og tóku þau því til starfa.

## **2. Ávarp formanns.**

Þessum lið var frestað þar til síðar á dagskránni.

## **3. Erindi Ágústs Andréssonar – Staða á kjötmarkaði og framtíðarhorfur**

Andrés fór yfir stöðu á kjötmarkaði í dag. Hann taldi mikið hafa áunnist í hagræðingu og bættum rekstri afurðastöðva sem þýðir að auðveldara verði að þróa úrvinnslu afurða og sækja fram á markaði. Eftirspurn á heimsmarkaði er vaxandi en framboð minnkandi. Einkum er augin eftirspurn eftir hliðarafurðum. Í nánustu framtíð taldi hann Kína vera mikilvægasta markaðinn, m.a. vegna nýgerðs fríverslunarsamnings við Kína, aukinnar velmegunar og fjölbreytni afurða sem þar er eftirspurn eftir. Rússar hafa verið að taka við ódýrara kjöti s.s. ærkjöti og hrossakjöti en vonir standa til að þangað fari að seljast meira af lambakjöti en verið hefur. Á Bandaríkjamarkaði er verslunarkeðjan „Whole Foods“ aðal kaupandinn og hefur sá markaður verið að þróast með jákvæðum hætti. Þar eru þó horfur á að hvalveiðar Íslendinga geti sett strik í reikninginn. Markaðir Evrópu minnkuðu vegna efnahagskreppu en ákveðin batamerki eru á þeim markaði núna. Væntingar standa til að Suður-Evrópa komi sterk inn á

Þessu ári en annars eru helstu markaðir í ESB; Bretland, Spánn, Þýskaland, Holland og Svíþjóð. Aðrir markaðir sem miklu máli skipta eru Noregur og Færeyjar. Vonir standa síðan til að markaður vinnist í Mið-Austurlöndum, Kanada, Grænlandi, Finnlandi og Danmörk.

Ágúst taldi forsendur fyrir aukinni framleiðslu kindakjöts og taldi að við ættum að ætla okkur stærra hlutverk á heimsmarkaði. Hann vildi leggja áherslu á dýrari markaði erlendis og halda áfram að auka verðmætasköpun með bættri nýtingu og hagræðingu.

Varðandi nautakjötið taldi Ágúst framleiðsluna óhagkvæma eins og er og mikil sóknarfæri því fyrir hendi í nautakjötsframleiðslu. Nautgripum er slátrað í 9 sláturhúsum og kúakynið okkar óhagkvæmt til kjötframleiðslu. Innlend framleiðsla er um 4.000 tonn en innflutt nautakjöt er um 270 tonn. Auka þarf framleiðslu nautakjöts og hagræða m.a. með kynbótum, bættri fôðrun og fækkun sláturhúsa.

Varðandi hrossa- og folaldakjöt taldi hann spennandi tækifæri vera erlendis. Verið er að skoða nýjar aðferðir til gaspökkunar á folaldakjöti til að það geymist betur og líti betur út eftir geymslu. Hann taldi að hægt væri að ná hærri verðum á hrossakjöti erlendis en verið hafa.

#### **4. Umræður um erindi Ágústs.**

Erna Bjarnadóttir spurði hvort möguleiki væri á samstarfi við Finna á Rússlandsmarkaði. Gunnar Ríkharðsson spurði út í aðgreiningu markaðsstarfs Landssamtaka sláturleyfishafa og einstakra afurðastöðva.

Guðbrandur Björnsson spurði út í birgðastöðu lambakjöts í dag.

Jóhann Ragnarsson spurði hvort hægt væri að fá aukningu á tollkvóta inn á Noregsmarkað.

Jón Gíslason spurði hvort markaðsskrifstofa í Rússlandi sem Ágúst sagði frá væri eingöngu á vegum KS eða á vegum Landssamtaka sláturleyfishafa. Hann spurði jafnframt hvort hann teldi ástæðu til að auka framleiðslu miðað við birgðastöðu og sölu í dag.

Valgerður Kristjánsdóttir spurði hvort til stæði að greiða álag á nautakjöt eins og gert var á síðasta ári.

Ólafur Benediktsson spurði hvort líkur væru á að rafrænt kjötmat yrði innleitt.

Gísli G. Magnússon spurði m.a. hvort ásættanlegt verð fengist á mörkuðum í Suður-Evrópu.

Ágúst svaraði fyrirspurnum skilmerkilega. Hann kvað ýmislegt standa í vegi fyrir því að sláturleyfishafar störfuðu saman opinberlega, hins vegar væri ákveðið samkomulag á milli þeirra með skiptingu erlendra markaða. Hann vissi ekki alveg nýjustu birgðastöðu en taldi horfur á að ekki yrðu meiri birgðir nú í haust en það síðasta. Hann sagði ekkert vera að gerast í rafræna kjötmatinu. Hann sagði að KS myndi ekki greiða uppbót á nautakjöt síðan í fyrra en þeir hefðu í staðinn hækkað verð á nautakjöti um 10% nýlega. Hann sagði ágætt verð á mörkuðum í Suður-Evrópu, sér í lagi þegar tekið er mið að því hvaða skrokkhlutar fari mest þangað. Hann sagði ekki verið að hræra í aukningu á tollkvóta á Noregsmarkaði eins og er.

Fundarstjóri gerði því næst hlé á dagskrá og bauð fundarmönnum að snæða hádegisverð.

#### **5. Erindi Ernu Bjarnadóttur.**

Erna byrjaði á að ræða þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi Bændasamtaka Íslands síðan ráðgjafarstarfsemin var klippt frá. Nú er mikil umræða um að koma öllum beingreiðslum og öðrum greiðslum til bænda til annarrar stofnunar en BÍ. BÍ er því að færast meira aftur til baka í það að vera stéttarsamband eins og áður var.

Erna fór síðan nokkuð ítarlega yfir tollaumhverfi íslensks landbúnaðar en þar skipta mestu máli WTO-samningurinn, samkomulag við ESB frá 1. mars 2007 um viðskipti með landbúnaðarvörur, fríverslunarsamningar EFTA og ýmsir tvíhliða samningar t.d. við Færeyjar

og Noreg. Hún gat þess að mikilvægt væri að hafa í huga að ef við gengjum í ESB myndu allir slíkir tvíhliða samningar falla niður. Tollar skv. WTO-samningnum eru almennt 40% hærri en tollar á vörur sem fluttar eru inn skv. samkomulaginu við ESB. Eftir samkomulagið við ESB var verðtollur á öllum grænmetistegundum, sveppum og kartöflum sem numið hafði um 30%, afnuminn. Magntollur var lagður á sveppi og kartöflur. Án tolla eru m.a. korn og kornvörur, hrísgrjón, ósoðið pasta og ýmislegt fleira sem fellur undir landbúnaðarafurðir og sæta tollum í mörgum öðrum Evrópulöndum.

Bí hafa frá því að umsókn um aðild Íslands að ESB var send staðið samhent gegn því að af slíkri aðild yrði. Mikil vinna hefur verið lögð í kynningarstarfsemi á löggjöf ESB varðandi landbúnaðarframleiðslu.

Gunnar Ríkharðsson spurði hvort metið hefði verið kostir þess að hafa tollfrjálsan aðgang að mörkuðum ESB á móti því að missa innflutningstolla á innfluttar landbúnaðarafurðir. Júlíus Guðni Antonsson spurði hvort tekið hefði verið saman hversu mikið flutt væri inn af erlendum landbúnaðarafurðum í heildina og það borið saman við önnur Evrópulönd. Ólafur Benediktsson spurði út í innflutning lifandi dýra ef af aðild Íslands að ESB yrði.

Erna svaraði komnum fyrirspurnum og sagði m.a. að það hefði verið metið svo að tollvernd innlendrar matvælaframleiðslu væri mun mikilvægari en það að fá tollfrjálsan aðgang að mörkuðum ESB. Hér væru enda talsvert meiri kröfur gerðar til heilbrigðis afurða en almennt í löndum ESB. Hún taldi að innlendar landbúnaðarafurðir væru ekki meira en 50% af allri neyslu hérlendis. Það væri líklega minna en t.a.m. í Noregi en þar er a.m.k. 60% allra landbúnaðarafurða innlendar. Hún sagði að algert innflutningsbann á lifandi dýrum væri erfitt að fá í gegn. Líklega þyrftum við að undirgangast að leyfilegt væri að flytja hingað skepnur frá svæðum þar sem ekki fyrirfyndust þeir sjúkdómar sem við teldum okkur þurfa að verjast.

Gísli G. Magnússon taldi hugmyndir um að ganga í ESB jafngilda því að stökkva um borð í sökkvandi skip og taldi sjaldan bornar á borð raunverulegar og gildar ástæður fyrir því að við ættum að ganga í það. Hann taldi Bí þurfa að vera með sérstakan fjölmiðlafulltrúa til að svara fyrir allt það sem á Bændasamtökunum dynur.

Jón Gíslason spurði Ernu hvernig gengi að halda banni við innflutningi á hráu og ófrosnu kjöti sem hingað til hefur verið í gildi en samtök verslunar og þjónustu hafa verið að reyna að hnekkja með kærum.

Erna svaraði framkomnum fyrirspurnum.

## **6. Niðurstaða kjörbréfanefndar**

Ægir Sigurgeirsson formaður kjörbréfanefndar kynnti álit hennar:

Bf. Áshrepps: Árni Bragason, Sunnuhlíð.

Bf. Sveinsstaðahrepps: Eiður Magnússon, Miðhúsum.

Bf. Svínavatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson Stekkjardal,

Bf. Engihlíðarhrepps: Magnús Björnsson, Syðra-Hóli; Gauti Jónsson, Hvammi

Bf. Torfalækjarhrepps, Páll Þórðarson, Sauðanesi

Bf. Bólstaðarhlíðarhrepps, Þorsteinn Jóhannsson, Auðólfstöðum; Þór Sævarsson, Brúarhlíð

Bf. Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson, Hofi; Rafn Sigurbjörnsson, Örlygsstöðum.

Bf. Víðdælinga: Örn Óli Andrésson Bakka; Júlíus Guðni Antonsson, Auðunnarstöðum

Bf. Vatnsnesinga: Heimir Ágústsson, Sauðadalsá; Jón Hilmar Karlsson, Grænahvammi

Bf. Miðfirðinga: Gísli Magnússon, Staðarbakka; Helgi Pálsson Heggstöðum

Bf. Staðarhrepps: Ásgeir Sverrisson, Brautarholti

Bf. Bæjarhrepps og Bitru: Guðbjörg Jónsdóttir, Kolbeinsá; Magnús Sveinsson, Þambárvöllum

Bf. Árneshrepps: Björn Torfason, Melum

Bf. Kirkjubólshrepps: Björn Pálsson, Þorpum

Félag sauðfjárbænda A-Hún: Jón K. Sigmarsson, Hæli; Jóhann Guðmundsson, Holti; Steingrímur Ingvarsson, Litlu-Giljá.

Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Gunnar Þórarinnsson, Þóroddsstöðum; Ólafur Benediktsson, Miðhópi; Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Mýrum

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu: Guðbrandur Björnsson Smáhömrum; Jón Stefánsson, Broddanesi; Jóhann Ragnarsson, Laxárdal.

Nautgriparæktarfélag V-Hún: Ingi Hjörtur Bjarnason, Neðri-Svertingsstöðum; Ólöf Ólafsdóttir, Tannstaðabakka; Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum

Hrossaræktarsamtök V-Hún: Þorgeir Jóhannesson, Áslandi; Malin Persson, Syðra-Kolugili.

Samtök hrossabænda í A-Hún: Magnús Jósefsson, Steinnesi.

Enginn mætti frá Búnaðarfélögum Kaldrananeshrepps og Nauteyrahrepps né heldur frá Félagi kúabænda í A-Hún. Mættir voru því 36 af 48 fulltrúum aðildarféлага.

Auk þess sátu fundinn aðrir stjórnarmenn BHS þeir Jón Gíslason Stóra Búrfelli, Matthías Lýðsson Húsavík og Magnús Guðmannsson Vindhæli. Einnig Gunnar Ríkhartsson, framkvæmdastjóri BHS og Anna Margrét Jónsdóttir ráðunautur.

## 7. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar

Gunnar Ríkhartsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra. Mikil breyting hefur orðið á starfsemi BHS eftir að RML yfirtók stóran hluta af þeim verkefnum sem verið höfðu á forsjá BHS. Þau verkefni sem eftir eru hjá BHS eru umsjón með nautgripa- og sauðfjársæðingum, gerð túnkorta og úttektir á jarðabótum. Einnig aðstoð við bændur við ýmsar umsóknir og mál sem flokkast sem félagslegs eða stéttarlegs eðlis. Búfjárefirlit var á hendi BHS á árinu 2013 en er ekki lengur. Ræktun var tekin út hjá um 150 bændum á svæði BHS árið 2013. Kornrækt og grasrækt minnkaði milli ára en grænføður jókst. Auk þess voru 52 ha bættir vegna mikils kals en á landsvísu voru það 1.985 ha. Þróunarsjóður BHS styrkti 7 nemendur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem voru í hefðbundnu búfræðinámi. BHS sendi 3 mál til Búnaðarþings 2014. Voru þau um vaktsvæði dýralækna utan dagvinnutíma, nauðsyn þess að landbúnaðarháskólar á landinu haldi sjálfstæði sínu og að stjórn BÍ fylgdi því eftir að þeir fjármunir sem MAST áætla til viðhalds á varnargirðingum skili sér til þeirra verkefna. Gunnar fór yfir búnaðargjald, notkun þess og velti vöngum yfir lögmæti þess. Fyrir liggur að ráðherra ætla að endurskoða búnaðargjaldið nú í haust en óljóst er ennþá hvað í því felst.

Gunnar fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins fyrir árið 2013 og skýrði helstu rekstrarliði. Rekstrartekjur án fjármagnstekna námu alls 39.454.956 kr og rekstrargjöld án vaxtagjalda 37.475.519 kr. Hagnaður eftir fjármagnstekjur og –gjöld nam 2.630.565 kr. Eignir Búnaðarsambandsins í lok árs námu 44.290.133 kr. en skuldir 17.766.880 kr.

Kúasæðingarnar skiluðu tekjum upp á 18.005.524 kr og námu gjöld vegna þeirra 18.414.360 kr. Tap af rekstri þeirra nam því 408.836 kr.

## 8. Umræður um skýrslur og reikninga

Rafn Sigurbjörnsson spurði út í hvort þau afnot sem sveitarfélög hafa keypt af loftmyndagrunni Loftmynda ehf. mætti nýta til túnkortagerðar.

Guðný Helga ræddi dýralæknamál. Hún sagði að verið væri að endurskoða stærð vaktsvæða með MAST og líkur væru til þess að úr því yrði bætt hér á þessu svæði. Auk þess sagði hún að verið væri að vinna í að bændur fengju auknar heimildir til að eiga og nota lyf. Hún ræddi einnig búnaðargjald.

Júlíus Guðni ræddi búnaðargjald. Hann taldi einnig nauðsynlegt að móta stefnu búnaðarsambandsins og nýta fjármuni þess á sem hagkvæmasta hátt.

Gunnar Ríkharðsson svaraði fyrirspurnum. Hann sagði að gott væri fyrir búnaðarsambandið að eiga fjármuni í sjóði þegar til þess kæmi að búnaðargjaldið yrði endurskoðað. Hins vegar væri vel hugsanlegt að styðja við starfsemi sem vantaði inn á svæðið, t.d. kaup á ómsjá vegna fösturtalninga eða annað slíkt ef þörf væri á. Hann ætlaði að kanna með afnot sem sveitarfélög hafa keypt af loftmyndagrunni, hvort heimilt væri að vinna tunkort án afnotagjalds til Loftmynda í þeim sveitarfélögum.

### **Ávarp formanns**

Jón Gíslason fór yfir mál af Búnaðarþingi. Hann kynnti m.a. breytingar sem gerðar voru á samþykktum BÍ á Búnaðarþingi. Meðal þeirra breytinga er að stjórnarmönnum BÍ mun fækka niður í 5. Fulltrúar á Búnaðarþing verða framvegis eingöngu kosnir á aðalfundum aðildarfélaganna en ekki heimild fyrir almennri kosningu á félagssvæðum. Sjúkrasjóður BÍ verður lagður niður enda reyndust greiðslur úr honum skerða greiðslur viðtakenda frá Tryggingastofnun ríkisins.

### **11. Mál lögð fram til nefnda**

Fundarstjóri óskaði eftir málum til að leggja fyrir nefndir og var ein tillaga lögð fram frá aðalfundi Búnaðarfélags Víðdælinga. Auk þess lágu nokkur mál fyrir frá stjórn. Að því loknu voru menn skipaðir í nefndir og fyrirlögðum málum skipt á þær. Tóku nefndir að því búnu til starfa.

### **Kaffihlé**

### **12. Nefndastörf og afgreiðsla mála**

Frá fjárhagsnefnd komu eftirfarandi tillögur, flutningsmaður Gunnar Þórarinnsson:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 samþykkir að árgjald til BHS fyrir árið 2014 verði 4.000 kr á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Greiða skal árgjald fyrir áramót.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greitt sem nemur árgjaldi til BHS fyrir fundinn auk aksturspeninga skv. ríkistaxta fyrir akstur umfram 120 km gegn framvísun reiknings.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:

Formaður fái 55.000 kr á ári

Aðrir stjórnarmenn fái 22.000 kr á ári

Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.

Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 samþykkir reikninga BHS fyrir árið 2013 eins og þeir hafa verið lagðir fram á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Frá allsherjarnefnd komu eftirfarandi tillögur, flutningsmaður Matthías Lýðsson

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 hvetur RML til að tryggja fasta viðveru ráðunauts á Hvammstanga og auglýsa hana.

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 beinir því til stjórnar BHS að nýta framlög úr þróunarsjóð til að styrkja nema með lögheimili á svæðinu í búfræðitengdu námi.

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 skorar á alla hlutaðeigandi að vinna að framtíðaruppbyggingu LbhÍ á Hvanneyri með hag landbúnaðarmenntunar og rannsókna að leiðarljósi. Jafnframt skorar fundurinn á stjórnvöld að miða fjárveitingar til skólans við það að rekstur hans sé tryggður.

Samþykkt samhljóða

Eftirfarandi tillaga barst frá búfjárræktarnefnd, flutningsmaður Páll Þórðarson:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 10. apríl 2014 samþykkir að innheimt verði fyrir kúasæðingar frá 1. maí 2014 þannig að sæðing á kvígu kosti 1.500 kr, sæðing á kú kosti 3.200 kr. og á grip utan skýrsluhalds 5.000 kr. Fangskoðun kosti 800 kr. + vsk.

Samþykkt samhljóða

## **12. Kosningar skv samþykktum BHS**

Tveir aðalmenn úr V-Hún í stjórn BHS til þriggja ára og tveir til vara. Ólafur Benediktsson í Miðhópi tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stungið var upp á Gísla G. Magnússyni á Staðarbakka og Hallfríði Ósk Ólafsdóttur í Víðidalstungu sem aðalmönnum. Til vara Örn Óli Andrússon Bakka og Matthildur Hjálmarsdóttir Þóroddsstöðum. Ekki komu aðrar tillögur og skoðast þau því réttkjörnir stjórnarmenn.

Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara. Stungið var upp á Rafni Benediktssyni og Ólafi B. Óskarssyni sem aðalmönnum. Til vara Máni Laxdal og Rafn Sigurbjörnsson. Ekki komu aðrar tillögur og skoðast þeir því réttkjörnir skoðunarmenn reikninga.

## **13. Önnur mál**

Jón Gíslason þakkaði Ólafi í Miðhópi kærlega fyrir gott samstarf í stjórn BHS.

Gíslí G. Magnússon tók undir orð Jóns og þakkaði Ólafi gott samstarf í stjórninni. Einnig þakkaði hann fyrir góðar veitingar á fundinum.

Ólafur þakkaði kærlega fyrir sinn tíma í stjórninni og óskaði Hallfríði til hamingju með stjórnarkjörið.

Júlíus Guðni þakkaði Ólafi fyrir hans störf í stjórninni og óskaði Hallfríði til hamingju með stjórnarkjörið. Hann ræddi einnig búvörusamninga og taldi rétt að stefna á frekari framleiðslutengingu í næstu samningum. Kom hann í því samhengi inn á trúnaðarrest sem nýlega varð innan stjórnar Félags sauðfjárbænda í V-Hún vegna ágreinings um stefnu í sauðfjársamningamálum.

Ólafur Benediktsson kvað þann trúnaðarrest sem Júlíus Guðni kom inn á ekki hafa neitt með efni umræddrar tillögu á aðalfundi LS að gera, heldur einungis afgreiðslu hennar.

Guðný Helga sagði að bændur ættu að hafa metnað til að framleiða sem mest svo afurðastöðvarnar geti sinnt erlendum mörkuðum af meiri alvöru.

#### **14. Fundarslit**

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund, lagði til að fundargerð yrði send fundarmönnum til staðfestingar og birt á netinu og sleit fundi.

---

*Anna Margrét Jónsdóttir, fundarritari*